



# **LÖG**

## **ALÞÝÐUSAMBANDS ÍSLANDS**

**Samþykkt á 39. þingi ASÍ árið 2000  
með síðari breytingum, síðast á 43. þingi 2018**

## Efnisyfirlit

<b>Lög Alþýðusambands Íslands .....</b>	<b>3</b>
I. kafli Nafn og markmið.....	3
II. kafli Aðild .....	3
III. kafli Aðalstöðvar og dagleg stjórn .....	6
IV. kafli Sambandsþing .....	6
V. kafli Þing og starfsemi ASÍ-UNG .....	7
VI. kafli Fulltrúakjör og atkvæðavægi .....	7
VII. kafli Miðstjórn .....	8
VIII. kafli Formannafundur .....	9
IX. kafli Fjármál.....	10
X. kafli Skýrslur og reikningar aðildarféлага.....	12
XI. kafli Stofnanir ASÍ .....	12
XII. kafli Um sjúkrasjóði.....	12
XIII. kafli Lagabreytingar.....	13

# LÖG ALPÝÐUSAMBANDS ÍSLANDS

## I. kafli Nafn og markmið

### 1. grein

Sambandið heitir Alpýðusamband Íslands, skammstafað ASÍ.

### 2. grein

Sambandið er heildarsamtök og samráðsvettvangur stéttarféлага á Íslandi.

### 3. grein

Hlutverk sambandsins er:

Að hafa forystu í stéttarbaráttu launafólks, koma fram fyrir hönd aðildarféлага í sameiginlegum málum gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum, innanlands og á alþjóðavettvangi. Móta og samræma heildarstefnu samtakanna í atvinnu-, mennta-, umhverfis- og kjaramálum.

Að samræma og tryggja framkvæmd þjónustu aðildarfélaganna við félagsmenn þeirra.

Að standa að gerð kjarasamninga um sameiginleg mál sem aðildarsamtökin fela sambandinu skv. 9. gr.

Framkvæmdir í þessu skyni annast aðildarfélögin sjálf, eða sambönd þeirra í umboði félaganna ásamt þingi ASÍ, miðstjórn Alpýðusambandsins og formannafundi aðildarféлага ASÍ.

### 4. grein

Markmið Alpýðusambandsins er:

- Að allt launafólk sé skipulagt í virk stéttarfélög sem eru aðilar að heildarsamtökum launafólks.
- Að stuðla að lýðræðislegu starfi allra aðildarsamtaka ASÍ í þágu hagsmuna félagsmanna og verkalýðshreyfingarinnar í heild.
- Að vera vettvangur sameiginlegrar stefnumótunar og samræmingar á starfi aðildarsamtakanna.
- Að framfylgja sameiginlegri stefnu og hagsmunamálum aðildarsamtakanna í þágu alls launafólks, bæði innanlands og í starfi hinnar alþjóðlegu verkalýðshreyfingar.
- Að vera málsvari launafólks í sameiginlegum hagsmunamálum, gagnvart stjórnvöldum, öðrum samtökum og fjölþjóðastofnunum.
- Að efla starf aðildarsamtaka ASÍ eftir mætti og vinna að gagnkvæmum stuðningi aðildarsamtakanna hverju við annað í starfi þeirra og kjarabaráttu.
- Að halda á lofti grundvallarhugsjónum verkalýðshreyfingarinnar, mannréttindabaráttu og mikilvægi samtakamáttarins, í opinberri umræðu og í mennta- og fræðslustarfi.

## II. kafli Aðild

### 5. grein

Aðild að Alpýðusambandi Íslands geta stéttarfélög átt beint eða í gegnum sambönd stéttarféлага, sem skipulögð eru í samræmi við samþykktir þinga ASÍ og uppfylla þau skilyrði, sem sett eru í lögum þessum.

Í lögum þessum merkir hugtakið aðildarsamtök, landssambönd, öll félög einstakra sambanda og félög með beina aðild. Hugtakið aðildarfélög merkir öll félög einstakra sambanda og félög með beina aðild.

Aðildarumsókn sendist miðstjórn Alpýðusambands Íslands ásamt:

- a. Lögum viðkomandi aðildarsamtaka.
- b. Upplýsingum um hvenær aðildarsamtökin voru stofnuð.
- c. Upplýsingar um fjölda félagsmanna og/eða aðildarféлага.

d. Yfirlýsingu um að aðildarfélagið eða sérhvert aðildarfélag sambandsins muni fylgja lögum Alþýðusambandsins.

Verði aðild aðildarsamtaka í ósamræmi við ákvæði 1. mgr. skal miðstjórn sambandsins hlutast til um að úr verði bætt og getur ef þörf krefur beitt í þessu skyni heimildum sínum skv. 11. gr.

Heimilt er aðildarsamtökum ASÍ að mynda með sér svæðasambönd eða verkefnabundin félög eða samtök sem setja sér sjálf starfsreglur. Aðild að svæðasambandi eða verkefnabundnum félögum eða samtökum hefur á engan hátt áhrif á skyldur þeirra eða réttindi gagnvart ASÍ.

### **6. grein**

Umsókn um aðild skal til bráðabirgða afgreidd af miðstjórn ASÍ. Afgreiðsla miðstjórnar verður síðan að hljóta staðfestingu sambandsþings.

### **7. grein**

Eigi má neitt aðildarfélag taka inn féлага, sem er skuldugur eða stendur á annan hátt í óbættum sökum við annað aðildarfélag í ASÍ, eða hefur verið vikið úr aðildarfélagi, nema til komi leyfi stjórnar þess félags er hann var áður í.

### **8. grein**

Aðildarsamtökin hafa fullt frelsi um sín innri mál, þó þannig að ekki brjóti í bága við lög ASÍ eða samþykktir sambandsþinga.

### **9. grein**

ASÍ fer með samningsrétt um þau sameiginlegu mál sem kveðið er á um hverju sinni í samstarfssamningi aðildarféлага ASÍ skv. 14. gr. og varða:

- a. Gildistöku reglna sem ætlað er að hafa almenn réttaráhrif og gildisteknar eru með kjarasamningi samkvæmt því sem kveðið er á um hverju sinni í samstarfssamningi aðildarféлага ASÍ.
- b. Þau mál önnur sem samkomulag tekst um að fela samninganefndinni umboð til að annast hverju sinni samkvæmt samstarfssamningi aðildarféлага ASÍ.

Samningsréttur um sameiginleg mál er í höndum samninganefndar sem kjörin er af miðstjórn.

### **10. grein**

Aðildarsamtökin hafa rétt til að skjóta öllum ágreiningsmálum, sem upp kunna að rísa innan eða milli þeirra til miðstjórnar ASÍ.

Um ágreining milli aðildarsamtaka sem ekki leysist á grundvelli samstarfssamnings eða á annan hátt ber miðstjórn að leita sátta með deiluaðilum. Náist ekki sátt í slíkri deilu getur miðstjórn að fengnu samþykki deiluaðila vísað málinu til sérstaks gerðardóms sem skipaður skal einum aðila sem miðstjórn skipar í hverju máli, en deiluaðilar skipa síðan hvor sinn aðila. Gerðardómurinn starfi samkvæmt lögum um samningsbundna gerðardóma eins og þau eru á hverjum tíma og eru niðurstöður hans bindandi.

Miðstjórn getur ákveðið að ágreiningsmál innan aðildarsamtaka sem til hennar hefur verið vísað skuli ganga til úrskurðarnefndar, sem skipuð skal fimm mönnum, þar af þremur sem miðstjórn skipar í hverju máli, en deiluaðilar skipa síðan hvor sinn aðila.

Niðurstaða úrskurðarnefndar er bindandi og verður einungis breytt af þingi sambandsins.

### **11. grein**

Aðildarsamtök ASÍ verða að standa fyrir allri þeirri starfsemi sem ákveðið er í þessum lögum og eru skyldug til að standa sambandinu skil á að starfseminni sé haldið uppi. Ef miðstjórn telur að aðildarsamtök uppfylli ekki skyldur sínar skv. lögum þessum eða skv. lögum sínum að einhverju leyti, er miðstjórn rétt og skylt að grípa til aðgerða til að koma stafsemi í lögmaett horf.

Í slíkum aðgerðum getur falist:

- a. Að boða til aðalfundar í aðildarsamtökunum. Fram til þess tíma sem aðalfundur er haldinn er miðstjórn heimilt að skipa aðildarsamtökunum tilsjónarmann en aðalfundur skal við þessar aðstæður halda í síðasta lagi innan þriggja mánaða. Miðstjórn setur starfsreglur fyrir tilsjónarmann í hverju tilviki.
- b. Að efna til allsherjaratkvæðagreiðslu um tillögu um að aðildarsamtökin og/eða einstakir sjóðir þess verði sameinað öðrum aðildarsamtökum og/eða sjóði.
- c. Að efna til allsherjaratkvæðagreiðslu um tillögu um hvað annað sem miðstjórn telur nauðsynlegt að verði borið upp í aðildarsamtökunum.

### **12. grein**

Aðildarsamtökunum er óheimilt að láta breytingar á lögum sínum koma til framkvæmda, fyrr en miðstjórn Alþýðusambandsins hefur staðfest þær.

Í samþykktum aðildarfélaganna mega ekki vera ákvæði um félagsskyldu né ákvæði sem takmarka aðild að félögum með tilliti til búsetu og lögheimilisfesti.

Á sama hátt mega ákvæði ekki hamla því að félagsmenn geti sagt sig úr félögum með skriflegri tilkynningu, með þeirri undantekningu einni að um tímabundnar hömlur sé að ræða, t.d. vegna yfirstandandi kjaradeilu og verkfallsaðgerða henni tengdri.

Aðildarfélag sem greitt er til beint frá atvinnurekanda á grundvelli ákvæða kjarasamnings skal innan sex mánaða frá því að fyrsta greiðsla barst óska afstöðu starfsmanns til fullrar aðildar að félaginu. Skal það gert starfsmanni að kostnaðarlausu.

### **13. grein**

Með aðild sinni að ASÍ gangast aðildarsamtökin undir þann skilning að lög ASÍ séu æðri lögum einstakra aðildarsamtaka.

Með aðild sinni að ASÍ skuldbinda aðildarsamtökin sig til að hlíta ákvæðum laga þessara svo og ákvörðunum og samþykktum sem á þeim byggjast.

### **14. grein**

Aðildarfélög ASÍ gera með sér samstarfssamning. Í samningnum er ákveðið á hvern hátt aðildarfélögin vinni saman að og samræmi aðgerðir sínar og aðkomu að kjarasamningum við atvinnurekendur og stjórnvöld, hvernig sameiginleg samninganefnd skal skipuð sé samningsumboð ekki fært í hendur miðstjórnar sbr. 9. gr., hvernig félögin skipta með sér ábyrgð eftir samningssviðum og önnur þau atriði sem aðildarfélög telja nauðsynlegt að semja um sín á milli.

### **15. grein**

Þar sem samningssvið tveggja eða fleiri aðildarfélaganna skarast, er þeim skylt að gera með sér samkomulag um samningssviðið. Náist ekki samkomulag er aðildarfélagi heimilt að leggja ágreininginn fyrir miðstjórn, sbr. 10. gr.

### **16. grein**

Heimilt skal aðildarfélagi að ákveða kjörtímabil stjórnar sinnar og trúnaðarmannaráðs/trúnaðarráðs allt að fjögur ár, en aðalfundur skal halda árlega og þar flutt skýrsla stjórnar og lagðir fram og afgreiddir reikningar félagsins áritaðir af löggiltum endurskoðanda.

Aðalfundur skal haldinn innan 5 mánaða frá því að reikningsári lýkur. Hann skal boðaður með a.m.k. sjö sólarhringa fyrirvara.

### **17. grein**

Úrsögn úr Alþýðusambandinu er því aðeins gild, að hún hafi verið samþykkt með 2/3 atkvæða að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu í aðildarfélaginu.

Um úrsögn aðildarfélags úr landssambandi fer eftir ákvæðum í lögum sambands, enda hafi lögin slík ákvæði, ella samkvæmt þessum lögum. Til þess að úrsögn sé gild, skal hún hafa verið samþykkt með 2/3 atkvæða, að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu.

Atkvæðagreiðslan skal fara fram, ef tillaga þar um hefur verið samþykkt á lögsmætum félagsfundu, enda hafi þess verið getið í fundarboði að slík tillaga liggja fyrir.

Atkvæðagreiðslunni skal hagað eftir reglugerð ASÍ um allsherjaratkvæðagreiðslur.

Slík atkvæðagreiðsla er því aðeins bindandi um úrsögn úr ASÍ að sérstaklega hafi verið greidd atkvæði um sjálfstæða tillögu um úrsögn úr ASÍ sem sé óháð úrsögn úr viðkomandi landssambandi.

### **18. grein**

Miðstjórn hefur rétt til að víkja aðildarsamtökum úr Alþýðusambandinu, ef hún lítur svo á, að þau hafi gert sig sek í atferli, sem er sambandinu til tjóns eða vanvirðu eða brjóti í bága við lög ASÍ eða samþykktir sambandsþings. Leggja skal það mál fyrir næsta sambandsþing, er leggur fullnaðarúrskurð á það.

Hver þau samtök, sem vikið hefur verið úr Alþýðusambandinu, missa þegar í stað öll réttindi sín í sambandinu og fulltrúar þeirra umboð til trúnaðarstarfa innan ASÍ.

Úrsögn eða brottvikning aðildarsamtaka leysir viðkomandi ekki frá greiðslu áfallinna skatta eða annarra skulda eða ábyrgða, er þau standa fyrir gagnvart sambandinu.

## **III. kafli**

### **Aðalstöðvar og dagleg stjórn**

#### **19. grein**

Alþýðusambandið hefur aðsetur og skrifstofu sína í Reykjavík. ASÍ er stjórnað af miðstjórn sem kosin er á þann hátt sem lýst er í 33. gr.

Um starfsemi skrifstofunnar gildir reglugerð sem samþykkt er af miðstjórn.

#### **IV. kafli**

### **Sambandsþing**

#### **20. grein**

Sambandsþing skal halda annað hvert ár, fyrir lok októbermánaðar og ákveður miðstjórn þingstað og þingtíma.

#### **21. grein**

Sambandsþing hefur æðsta vald í öllum málum Alþýðusambands Íslands. Það er lögsmætt, ef löglega er til þess boðað.

#### **22. grein**

Boða skal sambandsþing bréflaga með að minnsta tveggja mánaða fyrirvara.

#### **23. grein**

Sambandsþingum skal stjórnað skv. þingsköpum eins og þau eru á hverjum tíma. Um breytingar á þingsköpum ef einhverjar eru skal fjallað að lokinni þingsetningu.

#### **24. grein**

Álit og ályktanir í stórmálum er miðstjórn ætlað að leggja fyrir sambandsþing, skal senda aðildarsamtökunum eigi síðar en 3 mánuðum fyrir þingið, nema sérstakar ástæður hamli.

Mál þau og tillögur sem einstök aðildarsamtök óska að tekin verði fyrir á þinginu, skal senda miðstjórn 1 mánuði fyrir sambandsþing. Skal miðstjórn leggja mál þau og tillögur fyrir þingið, ásamt umsögn sinni.

#### **25. grein**

Í öllum málum ræður einfaldur meirihluti, ef ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum.

Miðstjórn, eða minnst 10 fulltrúar, geta krafist leynilegrar atkvæðagreiðslu um mál.

Einnig skulu kosningar samkvæmt 33.gr. fara fram að viðhafðri leynilegri atkvæðagreiðslu.

## **26. grein**

Kjörgengir á sambandsþingi og í aðrar trúnaðarstöður Alpýðusambands Íslands eru allir fullgildir félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ.

Hvert aðildarfélag ber sjálft allan kostnað af fulltrúum sínum á sambandsþingi, en ASÍ skal þó standa straum af lágmarksendurgreiðslu vegna ferðakostnaðar sem einstök aðildarfélög verða fyrir, samkvæmt reglugerð sem sett er af sambandsþingi.

## **27. grein**

Miðstjórn getur kvatt saman aukaping, þegar mjög mikilvæg og óvænt mál ber að höndum.

Miðstjórn er skylt að kalla saman aukaping, ef meirihluti aðildarfélaganna innan Alpýðusambandsins eða aðildarsamtök með a.m.k. 1/5 hluta af heildarfélagsmannatölu ASÍ krefjast þess skriflega og greina það eða þau málefni er leggja á fyrir þingið. Skal þingið kallað saman með eins skömmum fyrirvara og aðstæður frekast leyfa.

## **28. grein**

Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og kosnir voru til síðasta reglulegs sambandsþings.

# **V. kafli**

## **Þing og starfsemi ASÍ-UNG**

### **29. grein**

ASÍ-UNG er samráðsvettvangur ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ.

Í tengslum við reglulegt þing ASÍ kemur saman þing ASÍ-UNG.

Rétt til setu á þingi ASÍ-UNG með full réttindi, á einn fulltrúi hvers aðildarfélags ASÍ á aldrinum 16-35 ára. Aðildarfélögum er heimilt að senda á eigin kostnað einn aukafulltrúa á þingið. Aukafulltrúi er með tillögu- og málfrelsisrétt en ekki atkvæðisrétt.

Þingið kys sér formann og átta manns í stjórn sem, samræmir störf ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ og stýrir öðrum störfum ASÍ-UNG á milli þinga. Kjörgengir til formanns og í stjórn eru fullgildir félagar aðildarféлага ASÍ sem náð hafa 18 ára aldri.

Stjórn ASÍ-UNG á rétt til setu á sambandsþingi ASÍ með fullum réttindum.

Formaður ASÍ-UNG á seturétt á formannafundum ASÍ með fullum réttindum.

ASÍ ber kostnað af þingum ASÍ-UNG með sama hætti og það ber kostnað af sambandsþingum ASÍ.

# **VI. kafli**

## **Fulltrúakjör og atkvæðavægi**

### **30. grein**

Aðildarfélögum ASÍ er skylt að láta fara fram kosningu fulltrúa á þing ASÍ og varamenn þeirra úr hópi félaga sinna. Heimilt er samböndum að kjósa fulltrúa aðildarféлага sinna sameiginlega.

Seturétt á sambandsþingi eiga samtals 290 þingfulltrúar sbr. þó 4.mgr. og skal þeim skipt milli aðildarféлага með beina aðild og sambanda í hlutfalli við fjölda félagsmanna þeirra skv. 6. mgr.

Miðstjórn ákveður við hvaða dagsetningu lokaskil skulu hafa átt sér stað sbr. 31.gr. og hvenær tilkynna skuli aðildarsamtökunum um fjölda þeirra fulltrúa sem hvert og eitt á rétt til. Skrifstofa ASÍ gerir tillögu að úthlutun þingfulltrúa þegar í stað eftir að frestur til lokaskila er liðinn og leggur fyrir Skipulags- og starfsháttanefnd sem skal innan þriggja virkra daga staðfesta endanlega úthlutun þingfulltrúa.

Samböndin skulu skipta þingfulltrúum milli aðildarféлага sinna eftir reglum sem þau sjálf ákveða, en leitast skal við að láta fulltrúafjölda endurspegla stærð og vægi aðildarféлага og deilda. Komi sú staða upp að eitthvert aðildarfélag fái engan þingfulltrúa er miðstjórn ASÍ heimilt fjölga þingfulltrúum og úthluta því félagi 1 fulltrúa

með fullum réttindum á sambandsþinginu. Að auki skal miðstjórn úthluta ASÍ-UNG níu þingfulltrúum sbr. 29.gr.

Aðildarsamtökin hafa ekki rétt til að senda fulltrúa til sambandsþings umfram það sem að framan greinir. Atkvæðisréttur fulltrúa sem ekki eru tilnefndir, eða mæta ekki til sambandsþings, fellur niður.

Fulltrúafjöldi miðast við fjölda félagsmanna samkvæmt eftirfarandi reglu, auk félagsmanna sem njóta gjaldfrelsis samkvæmt lögum félagsins en fjöldi þeirra skal veginn með sama hætti og greiðandi félaga; Félagsmannafjöldi hvers sambands eða félags með beina aðild, í skilningi laga þessara, reiknast sem fjöldi reiknaðra ársverka félagsmanna eins og þau voru næstliðið ár. Með ársverkum er átt við þann reiknaða fjölda sem stendur á bak við innheimt iðgjöld til félaga og deilda innan sambanda eða félaga með beina aðild miðað við að um sé að ræða félagsmann í fullu starfi allt árið á samningssviði Alþýðusambands Íslands. Heildarfjöldi ársverka skal finna með því að deila meðalársiðgjaldi innan ASÍ í umreiknaðar iðgjaldtekjur skv. 2. mgr. 41. gr. Meðalársiðgjald telst vera 1% af meðalárstekjum innan ASÍ skv. upplýsingum Kjararannsóknarnefndar fyrir næstliðið ár. Með gjaldfrjálsum félagsmönnum er átt við félagsmenn sem náð hafa þeim aldri að félagsgjöld þeirra eru endurgreidd skv. reglum aðildarfélagsins og þann hóp fyrrverandi félagsmanna sem horfið hafa af vinnumarkaði en óska eftir áframhaldandi aðild með þeim réttindum og skyldum sem lög félagsins ákveða.

### **31. grein**

Félög, sem hafa ekki starfað á tímabilinu milli þinga, hafa ekki sent skýrslu skv. 2. mgr. 47. gr., reikninga skv. 3. mgr. 47. gr. eða hafa vanrækt skattgreiðslur skv. IX. kafla eiga ekki rétt á fulltrúum.

### **32. grein**

Kjörbréf fulltrúa á sambandsþing skulu send skrifstofu ASÍ í síðasta lagi 14 dögum áður en þing hefst og skal forseti þá skipa þriggja manna kjörbréfanefnd.

## **VII. kafli**

### **Miðstjórn**

### **33. grein**

Miðstjórn stjórnar daglegri starfsemi Alþýðusambandsins í samræmi við lög þess og samþykktir sambandsþinga.

Miðstjórn ber ábyrgð á allri starfsemi Alþýðusambandsins og stofnana þess og fyrirtækja á vegum þeirra. Í þessu felst að miðstjórn getur gripið inn í slíka starfsemi þegar hún telur þörf á.

Miðstjórn er heimilt að fela vinnunefndum að fara með dagleg verkefni Alþýðusambandsins í tilteknum málum.

Miðstjórn skal kosin til tveggja ára í senn, þannig að á sambandsþingi skulu forseti, fyrsti og annar varaforseti kosin sérstaklega og tólf meðstjórnendur. Þessi mynda miðstjórn Alþýðusambands Íslands.

Auk þess skal kjósa fimmtán varamenn.

Við kjör miðstjórnar skal leitast við að kjósa fulltrúa ólíkra atvinnugreina og að hlutdeild karla og kvenna verði sem jöfnust.

Enginn er löglega kosinn í miðstjórn, nema hann fái a.m.k. helming greiddra atkvæða.

Forfallist forseti eða varaforsetar svo að þeir geti ekki gegnt störfum sínum, skal miðstjórn þegar koma saman til fundar og kjósa varaforseta úr hópi miðstjórnarmanna en ella gegnir fyrsti varaforseti störfum forseta í forföllum hans og annar varaforseti í forföllum fyrsta varaforseta.

Miðstjórn hefur æðsta vald í öllum málefnum Alþýðusambandsins á milli sambandsþinga nema lög þessi geymi ákvæði um annað, og ber aðildarsamtökum ASÍ og hverjum þeim, sem trúnaðarstarfi gegnir fyrir sambandið, að hlýða fyrir mælum hennar og úrskurðum, en rétt hafa aðilar til að skjóta ágreiningsmálum sínum við miðstjórn til sambandsþings, sem þá fellir fullnaðarúrskurð um þau.



Miðstjórn setur reglur um starfsemi einstakra deilda og stofnana, sem reknar eru á vegum heildarsamtakanna.

Miðstjórn setur með reglugerð fyrir mæli um undirbúning og framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslu. Skal reglugerðin vera þannig sniðin, að eftir henni megi fara við kjör fulltrúa á þing ASÍ, kjör fulltrúa á þing aðildarsamtaka og við stjórnar- og trúnaðarmannaráðskosningar í verkalýðsfélagunum.

Reglugerðin skal gilda fyrir öll aðildarsamtök ASÍ og deildir þeirra.

### **34. grein**

Miðstjórn heldur fundi, þegar forseti kallar hana saman, eða ef minnst 5 miðstjórnarmenn æskja þess.

Fundur miðstjórnar er lögmætur, þegar meirihluti miðstjórnarmanna er viðstaddur.

## **VIII. kafli**

### **Formannafundir**

### **35. grein**

Formannafundir aðildarfélaga ASÍ eru vettvangur stefnumótunar ASÍ og samráðs aðildarfélaga ASÍ milli sambandsþinga.

Formannafundur skal kallaður saman að hausti það ár sem sambandsþing eru ekki haldin og ákveður miðstjórn fundarstað og fundartíma og eru fundir lögmætir ef löglega er til þeirra boðað.

Slíkan formannafundur skal boða bréflega með minnst þriggja vikna fyrirvara, en heimilt er að stytta þann tíma við sérstakar aðstæður.

### **36. grein**

Á formannafundum eiga sæti formenn allra aðildarfélaga ASÍ, formenn aðildardeilda einstakra sambanda, forseti og varaforsetar ASÍ, þeir miðstjórnarmenn ( aðal- og varamenn ) sem ekki eru formenn aðildarfélaga eða aðildardeilda auk formanns ASÍ – UNG sbr. 29. gr.

Félög, sem hafa ekki starfað á tímabilinu milli sambandsþings og formannafundar, hafa ekki sent skýrslu skv. 2. mgr. 47. gr., reikninga skv. 3. mgr. 47. gr. eða hafa vanrækt skattgreiðslur skv. IX. kafla eiga ekki rétt á fulltrúum.

ASÍ skal standa straum af lágmarksendurgreiðslu vegna ferðakostnaðar sem einstök aðildarfélög verða fyrir, samkvæmt reglum sem miðstjórn samþykkir.

### **37. grein**

Álit og ályktanir í stórmálum er miðstjórn ætlar að leggja fyrir formannafund, skal senda aðildarsamtökunum eigi síðar en hálfum mánuði fyrir fundinn, nema sérstakar ástæður hamli.

Mál þau og tillögur sem einstök aðildarfélög óska að tekin verði fyrir á formannafundi, skal senda miðstjórn þremur vikum fyrir formannafund og skal miðstjórn leggja mál þau og tillögur fyrir fundinn, ásamt umsögn sinni.

### **38. grein**

Formannafundum skal stjórnað eftir því sem við á skv. þingsköpum ASÍ eins og þau eru á hverjum tíma.

Fundarstjórn er í höndum forseta ASÍ.

### **39. grein**

Formenn aðildarfélaga og deilda sambandanna fara með atkvæðisrétt á formannafundum í samræmi við reiknað vægi á næstliðnu sambandsþingi. Í fjarveru þeirra fara varaformenn aðildarfélaga og deilda sambandanna með atkvæðisrétt á formannafundum. Miðstjórnarmenn ( aðal- og varamenn ), sem ekki eru jafnframt

formenn aðildarfélaganna eða deilda sambanda fara með eitt atkvæði hver sem og formaður ASÍ-UNG.

Til þess að tillaga teljist samþykkt á formannafundi þarf hún að hljóta einfaldan meirihluta atkvæða skv. 1.mgr. og atkvæði meirihluta þeirra sem fundinn sækja.

Miðstjórn, eða minnst 10 fulltrúar, geta krafist leynilegrar atkvæðagreiðslu um mál.

#### **40. grein**

Miðstjórn getur kvatt saman formannafundi þegar mjög mikilvæg eða óvænt mál ber að höndum.

Miðstjórn er skylt að kalla saman formannafund, ef meirihluti aðildarfélaganna innan Alþýðusambandsins eða aðildarsamtök með a.m.k. 1/5 hluta af heildarfélagsmannatölu ASÍ krefjast þess skriflega og greina það eða þau málefni er leggja á fyrir aukafundinn. Skal aukafundurinn kallaður saman með eins skömmum fyrirvara og aðstæður frekast leyfa.

### **IX. kafli** **Fjármál**

#### **41. grein**

Sambönd og félög með beina aðild greiða árlega skatt til ASÍ og stofnana þess. Hvert samband skal ákveða, með hvaða hætti það innheimtir skatta hjá félögum og deildum innan sinna vébanda.

Árlegur skattur reiknast sem 7,85% af samanlögðum iðgjaldatekjum félagssjóðs félaga og deilda innan hvers sambands eða félags með beina aðild vegna næstliðins almanaksárs. Miða skal við umreiknaðar iðgjaldatekjur, þannig að þær jafngildi því að aðildarfélög einstakra sambanda og félög með beina aðild innheimti 1% iðgjöld af heildartekjum til félagssjóðs. Við skiptingu iðgjaldatekna milli einstakra deilda deildaskiptra stéttarfélaganna sem eiga aðild að fleiri en einu sambandi skal stuðst við endurskoðaða sundurliðun þeirra í ársreikningi, liggi slík skipting fyrir, en ella skal skipta iðgjaldatekjum hlutfallslega milli deilda samkvæmt upplýsingum um fjölda gjaldskyldra einstaklinga.

Frá reiknuðum skatti skv. 2. mgr. skal draga frá sérstakan skattafrádrátt, sem skal vera kr. 3.650.000,- fyrir hvert samband. Sérstakur skattafrádráttur félaga með beina aðild skal vera kr. 182.000,- fyrir hvert félag með færri en 500 félagsmenn, kr. 365.000,- fyrir hvert félag með fleiri en 500 og færri en 1.000 félagsmenn og kr. 550.000,- fyrir hvert félag með fleiri en 1.000 félagsmenn. Með félagsmönnum er hér átt við reiknaðan fjölda félagsmanna skv. 6. mgr. 30. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. að teknu tilliti til 3. mgr. skal ekkert samband eða félag með beina aðild greiða lægri skatt en sem nemur 6,15% af um reiknuðum iðgjaldatekjum eins og þær eru skilgreindar í 2. mgr.

Skrifstofa ASÍ leggur á og innheimtir skatta til ASÍ og stofnana þess hjá samböndum og félögum með beina aðild. Endanleg álagning fer fram á 4 ársfjórðungi hvers árs og skal hún kynnt með sérstökum álagningarseðli. Á álagningarseðli skal tilgreina endanlega álagningu skatta til ASÍ og stofnana þess, þær forsendur sem álagningin byggir á s.s. skattprósentu skv. 2. mgr., iðgjaldatekjur og umreiknaðar iðgjaldatekjur skv. 2. mgr., lágmarksskattprósentu skv. 4. mgr., upphæð skattafrádráttar skv. 3. mgr. og greiðslustöðu. Endanlega álagðan skatt að teknu tilliti til innborgana skal greiða á gjalddaga síðasta ársfjórðungs.

Skrifstofa ASÍ skal fjalla um ábendingar og athugasemdir sambanda, einstakra aðildarfélaganna þeirra og félaga með beina aðild vegna álagningarinnar og leiðrétt mistök eða villur sem kunna að hafa orðið. Rísi ágreiningur um hvort leiðrétt skuli eða telji einhver framanritaðra á sig hallað við álagninguna er heimilt er að skjóta þeim ágreiningi til miðstjórnar ASÍ sem að fengnum athugasemdum kæranda og skrifstofu ASÍ kveður upp úrskurð sinn svo fljótt sem verða má.

Við álagningu skatta vegna þeirra sem ekki hafa skilað inn ársreikningi skv. 3. mgr. 47. gr. fyrir næstliðið ár skal nota áætlun. Áætlunin skal byggð á upplýsingum um iðgjaldatekjur næsta árs á undan. Ofan á þessar iðgjaldatekjur skal bæta þeim breytingum sem orðið hafa á reglulegum launum félagsmanna innan ASÍ skv.

upplýsingum Hagstofunnar miðað við 2. ársfjórðung álagningarárs að viðbættu 10% álagi.

Sé ársreikningi skv. 3. mgr. 47. gr. skilað eftir að skattur hefur verið áætlaður á félagið skv. 7. mgr. en fyrir árslok álagningarárs, skal endurskoða áætlunina og leggja á skatta með venjulegum hætti. Eftir það telst sú álagning endanleg.

Skrifstofa ASÍ skal láta samböndunum í té leiðbeinandi upplýsingar um skattbyrði einstakra félaga og deilda skv. skattkerfi ASÍ og stofnana þess.

#### **42. grein**

Skatt til Alþýðusambandsins skal greiða með sem jöfnustum greiðslum fjórum sinnum á ári, og greiðist skatturinn fyrirfram, fyrir einn ársfjórðung í senn, miðað við 1. febrúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert.<sup>1</sup> Þrjár fyrstu greiðslurnar skal áætla með hliðsjón af skattgreiðslu fyrir næstliðið ár.

Vegna nýs aðildarfélags greiðast skattar á fyrsta ári í hlutfalli við þann tíma sem eftir er af árinu.

#### **43. grein**

Sé skattur ekki greiddur til Alþýðusambandsins á réttum gjalddaga, skal án undandráttar reikna dráttarvexti á gjaldfallna skuld þess frá tíunda degi eftir gjalddaga. Óheimilt er að gefa eftir slíka dráttarvaxtakröfu.

#### **44. grein**

Ef félag með beina aðild er í skuld við ASÍ á sambandsþingi, eða aðildarfélag í skuld við landssamband sitt, öðlast fulltrúar þess aðildarfélags ekki seturétt á þinginu fyrr en skuldin er að fullu greidd. Sama gildir ef aðildarfélag hefur ekki skilað inn tilskildum upplýsingum samkvæmt 47. gr.

Sambandsþingi er heimilt að víkja frá ákvæðum 1. mgr. ef sérstakar ástæður réttlæta slíkt.

#### **45. grein**

Af tekjum ASÍ skal leggja 3.7% í sjóð Listasafns ASÍ.

#### **46. grein**

Ársreikninga sjóða ASÍ, ásamt samstæðuuppgjöri, fyrir hvert almanaksár skal leggja fyrir miðstjórn eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Ársreikningarnir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda í samræmi við góða endurskoðunarvenju.

Við gerð ársreikninga skal hliðsjón höfð af viðmiðunarreglum sem miðstjórn samþykkir. Vinnudeilusjóð skal haldið aðgreindum frá öðru fé sambandsins og hann aðgreindur í bókhaldi Sambandssjóðs.

Reikningarnir skulu lagðir til fullnaðargreiðslu fyrir þing ASÍ.

Löggiltur endurskoðandi sambandsins skal kosin á sambandsþingi til tveggja ára í senn. Að auki skulu tveir skoðunarmenn reikninga kosnir á sambandsþingi til tveggja ára í senn og tveir til vara. Skoðunarmenn árita reikninga sambandsins ásamt framkvæmdastjóra þess.

---

<sup>1</sup> Álagningu og gjalddaga skatta vegna ársins 2018 frestað til 1.11 2018 og eindaga til 11.11 2018. (Tímabundin breyting samþykkt á 43.þingi ASÍ þskj. 5 og 26)

## **X. kafli**

### **Skýrslur og reikningar aðildarfélaga**

#### **47. grein**

Í upphafi árs, eða í síðasta lagi fyrir 1. mars ár hvert, senda aðildarfélögin skrifstofu ASÍ skýrslu um félagatölu, eins og hún var um áramótin. Skrifstofa sambandsins leggur til eyðublöð vegna þessarar skýrslugjafar.

Fyrir lok maímánaðar skulu aðildarsamtökin senda skrifstofu ASÍ upplýsingar um stjórn einstakra samtaka og starfsemina á liðnu starfsári. Skrifstofa sambandsins leggur til eyðublöð vegna þessarar skýrslugjafar.

Fyrir lok maímánaðar skulu aðildarsamtökin senda skrifstofu ASÍ ársreikninga sína og sjóða í vörslu þeirra næsta ár á undan, áritaða af löggiltum endurskoðendum í samræmi við góða endurskoðunarvenju.

Við gerð ársreikninga skal farið eftir reglugerð sem miðstjórn samþykkir.

## **XI. kafli**

### **Stofnanir ASÍ**

#### **48. grein**

#### **Listasafn ASÍ**

Alþýðusambandið starfrækir Listasafn Alþýðusambands Íslands (Listasafn ASÍ) sem er eign Alþýðusambands Íslands. Safnið er stofnað samkvæmt ósk og að frumkvæði Ragnars Jónssonar forstjóra til minningar um Erlend Guðmundsson í Unuhúsi. Meginhlutverk safnsins skal vera að varðveita og hafa til sýnis fyrir almenning stofngjöf Ragnars Jónssonar til safnsins, svo og önnur listaverk í eigu þess, bæði í eigin sýningarsal og á vinnustöðum. Listasafnið skal starfa samkvæmt sérstakri reglugerð sem samþykkt er á þingi ASÍ.

## **XII. kafli**

### **Um sjúkrasjóði**

#### **49. grein**

Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði eins aðildarfélags, öðlast þann rétt hjá nýju aðildarfélagi skv. þeim reglum sem þar gilda eftir einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu.

Öllum aðildarfélögum sambandsins er skylt að setja sjúkrasjóðum félaganna reglugerðir sem hljóta skulu staðfestingu miðstjórnar ASÍ og standast lágmarksákvæði laga ASÍ. Miðstjórn skal við umfjöllun sína hafa hliðsjón af viðmiðunarreglum sem sambandsþing samþykkir. Breytingar á reglugerðum sjóðanna skulu sendar skrifstofu ASÍ.

Um skil og gerð ársreikninga fer skv. 47.gr. laga þessara. Fimmta hvert ár að minnsta kosti skal stjórn sjúkrasjóðsins fá tryggingafræðing eða löggiltan endurskoðanda til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins og semja skýrslu til stjórnar um athugun sína. Stjórn sjóðsins skal skila skrifstofu ASÍ úttekt þessari með ársreikningi viðkomandi árs.

Sjúkrasjóðir aðildarfélaganna skulu tryggja sjóðfélögum sem 1% iðgjald hefur verið greitt af í a.m.k. 6 mánuði, lágmarksbætur í veikinda- og slysatilfellum sem hér segir:

a. Dagpeninga í veikinda- og slysaforföllum í 120 daga, að loknum greiðslum skv. veikinda- og slysaréttarákvæðum kjarasamninga. Dagpeningar skulu að viðbættum bótum almannatrygginga, greiðslum úr slysatryggingu launafólks eða annarri lögbundinni tryggingu, ekki nema lægri fjárhæð en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum. Slysadagpeningar skv. grein þessari greiðast ekki vegna skaðabótaskyldra slysa og atvinnusjúkdóma, þ.m.t. slysa af völdum vélknúinna ökutækja.

b. Dagpeninga í 90 daga, að loknum kjarasamningsbundnum greiðslum launagreiðanda vegna langveikra og alvarlega fatlaðra barna. Greiðslur skulu ekki nema lægri fjárhæð m.v. starfshlutfall sjóðfélaga en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum. Með langveikum

börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlegan og/eða langvinnan sjúkdóm og þarfnast sérstakrar umönnunar. Með alvarlega fötluðum börnum er átt við börn undir 18 ára aldri sem greinast með alvarlega greindarskerðingu, geðraskanir eða alvarlega líkamlega hömlun og þarfnast sérstakrar umönnunar.

c. Dagpeninga í 90 daga vegna mjög alvarlegra veikinda maka. Greiðslur skulu ekki nema lægri fjárhæð m.v. starfshlutfall sjóðfélaga en 80% af meðaltali þeirra heildarlauna sem iðgjald hefur verið greitt af á síðustu 6 mánuðum.

d. Eingreiddar dánarbætur við andlát virks og greiðandi sjóðfélaga sem nemi 360.000.- krónum m.v. starfshlutfall hans. Réttthafar bóta eru maki sjóðfélaga og börn hans undir 18 ára aldri. Bótafjárhæð miðast við vísitölu neysluverðs pr. 1.1 2017 og tekur sömu breytingum og hún.

e. Daga fjölda greiddra dagpeninga skv. a lið, til þeirra sem greitt er hlutfallslega lægra iðgjald af en 1%, er heimilt að skerða í sama hlutfalli og iðgjaldið er lægra en 1%.

f. Dagpeninga skv. a, b og c lið er heimilt að miða við meðaltal heildarlauna á síðustu 12 mánuðum í stað síðustu 6 mánaða, hafi tekjur sjóðfélaga breyst verulega til hækkunar eða lækkunar á viðmiðunartímabilinu. Jafnframt er heimilt að ákveða hámark dagpeninga skv. a, b og c lið sem þó sé ekki lægra en 250.000.- á mánuði miðað við launavísitölu pr. 1.7 2006 og tekur fjárhæðin sömu breytingum og hún.

g. Réttur skv. a, b og c lið endurnýjast á hverjum 12 mánuðum, hlutfallslega eftir því sem hann er nýttur, talið frá þeim degi sem dagpeningagreiðslum líkur hverju sinni og greiðslur iðgjalda hefjast að nýju.

Hafi iðgjöld til sjúkrasjóðs ekki verið greidd vegna sjóðfélaga, en hann getur fært sönnur á, að félagsgjöld til viðkomandi aðildarfélags hafi samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum verið dregin af launum hans síðustu 6 mánuði, skal hann njóta réttar skv. 4.mgr. eins og iðgjöld til sjúkrasjóðs hafi verið greidd.

4.mgr. 49.gr. tekur gildi 1.7 2006 m.v. réttindaávinnslu frá 1.1 2006. Skila skal staðfestingu tryggingafræðings eða löggilts endurskoðanda skv. 3.mgr. 49.gr. í fyrsta sinn á árinu 2007 með ársreikningum fyrir fjárhagsárið 2006.

## **XIII. kafli**

### **Lagabreytingar**

#### **50. grein**

Lögum sambandsins má aðeins breyta á sambandsþingi. Skulu jafnan hafðar tvær umræður um lagabreytingar og telst breyting ekki samþykkt, nema hún hljóti 2/3 atkvæða á sambandsþingi.

Tillögur til breytinga á lögnum, sem aðrir bera fram en miðstjórn, skulu sendar miðstjórn ekki síðar en 1 mánuði fyrir sambandsþing. Með þær skal farið eftir því sem segir í 24.gr.

#### **51. grein**

Lög þessi eins og þeim var síðast breytt á 43. þingi 2018, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eldri lög Alþýðusambands Íslands.